

arfélags sem ábyrgðaraðila, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, enda hafi sveitarfélag sannanlega áður verið krafíð um greiðslu án árangurs.

Umsóknir um aðstoð skulu að jafnaði hafa borist sjóðnum innan árs, frá því að tjón varð.

4. gr.

Við 16. gr. laganna bætist:

Enn fremur skulu undanþegin stimpilgjöldum skuldabréf fyrir lánnum, sem sveitarfélög veita einstaklingum af fé, sem þau hafa tekið að láni hjá Bjargráðasjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974, lög nr. 85/1974 og lög nr. 76/1975.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 2. gr. laga nr. 76/1975) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 18% — átján af hundraði — söluskatt og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 9 27. febrúar 1976, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Gjört að Bessastöðum 28. desember 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.